

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið.
nefnadasvid@althingi.is

Kópavogur, 19. nóvember 2014.

**Efni: UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM YFIRSKATTANEFND O.FL. (VERKEFNI RÍKISTOLLANEFNDAR O.FL.) -
363. MÁL, ÞSKJ. 480.**

Vísað til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 13. nóvember 2014, þar sem Deloitte ehf. (hér eftir „Deloitte“) var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp) til laga um breytingu á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 (yfirskattanefnd tekur við verkefnum ríkistollanefndar, afmörkun úrskurðarvalds, málsmeðferð o.fl.) - 363. mál, þingskjal 480.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar sem tengjast hlutverki og störfum yfirskattanefndar. Deloitte hefur þrjár athugasemdir/tillögur við framangreint frumvarp. Hér að neðan gerir Deloitte tvær athugasemdir/tillögur við umrætt frumvarp, en báðar athugasemdirnar/tillögurnar snúa að málsmeðferðartíma og eru gerðar með því leiðarljósi að bæta málsmeðferð skattalaga til samræmi við umfjöllun í skýrslu nefndar um athugun á stjórnslu skattamála. Ásamt því ítrekar Deloitte mikilvægi þess að birta eigi allar úrskurði yfirskattanefndar.

SAMANDREGIÐ:

- 1. Umsögn um kærur (4. gr.):** Deloitte telur að breytingin geti stuðlað að óþarfa töfum í málsmeðferð, enda er stjórnvaldi ekki gert skylt að tilkynna yfirskattanefnd hafi það ekki athugasemdir við kærur. Breytingartillagan fer að mati Deloitte þvert gegn því sem stefnt er að í frumvarpinu, þ.e. að reyna að bæta málsmeðferð. Þá telur Deloitte jafnframt að stytta mætti þann tíma sem stjórnvaldi er veittur til umsagnar úr 45 dögum í 30 daga.
- 2. Gjaldbreytingar (8. gr.):** Deloitte gerir ekki athugasemdir við tilflutning þessa verkefnis. Hins vegar væri eðlilegt að setja stjórnvaldi hámarksfrest frá úrskurði fram að gjaldbreytingu, t.d.

eina viku, þannig að innan þess tíma sem viðkomandi stjórnvaldi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar þurfi viðkomandi stjórnvald að vera búið að framkvæma gjaldbreytingar og tilkynna innheimtumanni um þær, svo ekki myndist óþarfa tafir á þessum gjaldbreytingum sem alla jafna eru til lækkunar á gjöldum skattaðila.

I. UM B-LIÐ 4. GR. – EKKI SKYLT AÐ VEITA UMSÖGN UM KÆRUR

Samkvæmt tillögunni er lagt til að stjórnvald geti valið hvort það veiti umsögn um kærur eða ekki, en slíkt er skylt eins og ákvæðið hljóðar í dag. Ef hins vegar stjórnvald, samkvæmt tillögunni, ákveður að veita umsögn hefur það 45 daga, eins og nú er þegar kveðið á um í lögum (þ.e. engin breyting á tímamörkum).

Deloitte telur þessa breytingu geta haft í för með sér tafir á málsmeðferð þegar liggur fyrir að stjórnvald muni ekki veita umsögn um kærur. Í ákvæðinu er ekki kveðið á um að stjórnvald þurfi að tilkynna yfirskattanefnd ef það hefur ekki athugasemdir við kærana sem beinlínis leiðir af sér að bíða þurfi í 45 daga þar til yfirskattanefnd getur tekið málið til meðferðar.

Deloitte leggur til að meginreglan verði því sú að horfið verði frá þessari breytingu.

Þá leggur Deloitte jafnframt til að tími stjórnvalds til umsagnar sé stytur í 30 daga, þ.e. úr 45 dögum. Gera verður ráð fyrir því að 30 dagar sé nægur tími fyrir stjórnvald að koma að umsögn. Ef ekkert svar berist frá stjórnvaldi (t.d. ríkisskattstjóra) innan 30 daga þá kæmist umsögnin ekki lengur að, nema ef viðkomandi stjórnvald hefur óskað eftir fresti til að skila inn umsögn.

Gefur auga leið að umrædd breyting hefur í flestum tilfellum óbreytta framkvæmd í för með sér. Fer það þvert gegn því sem stefnt er að í frumvarpinu, þ.e. að reyna að bæta málsmeðferð skattamála fyrir yfirskattanefnd. Það fer jafnframt þvert gegn því sem kemur fram í skýrslu nefndar um athugun á stjórnsýslu skattamála.

Leggur því Deloitte til að b-lið 4. gr. verði breytt t.a.m. á eftirfarandi hátt (breytingar feitiletraðar):

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

b. 3. mgr. orðast svo:

Innan **30** daga frá því að stjórnvaldi barst kæra skal stjórnvald hafa lagt fyrir yfirskattanefnd umsögn um kærana, eftir því sem það telur tilefni til, og þau gögn sem um ræðir í 2. mgr. **Hafi stjórnvald ekki í hyggju að veita umsögn um kærana skal það tilkynna yfirskattanefnd um það jafnskjótt og það er ljóst. Stjórnvald getur óskað eftir framlengdum fresti hjá yfirskattanefnd ef málið er þannig vaxið að 30 dagar sé of skammur tími til framlagningu umsagnar, að öðrum kosti kemst umsögnin ekki að.** Jafnframt skal stjórnvald senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna.

II. UM 8. GR. - TÍMAMÖRK HJÁ STJÓRNVALDI TIL AÐ GERA GJALDBREYTINGA EFTIR ÚRSKURD

Umrædd breyting í frumvarpi að lögnum er svohljóðandi:

8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Þegar yfirséttanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda málsaðila, umboðsmanni hans og stjórnvaldi eintak úrskurðar. Stjórnvald skal framkvæma gjaldabreytingar sem leiða af úrskurði yfirséttanefndar og tilkynna innheimtumanni um þær. Ráðherra er þó heimilt að ákveða með reglugerð að yfirséttanefnd framkvæmi gjaldabreytingar er varða ákveðna skatta og/eða gjöld. Málsaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi, í almennri póstsendingu eða rafrænt.

Með breytingunni verða gjaldabreytingar í kjölfar úrskurða yfirséttanefndar að meginstefnu til í höndum viðkomandi stjórnvalds. Deloitte gerir ekki athugasemdir við þá breytingu. Hins vegar telur Deloitte rétt, sérstaklega í ljósi þess að málsmeðferðartími hjá skattýfirvöldum er oft tímafrestur, að setja viðkomandi stjórnvaldi tiltekinn frest til þess að ganga frá gjaldabreytingum. Telur Deloitte að tímafrestir séu oft nauðsynlegir til að tryggja skilvirkari málsmeðferð. Er þetta í samræmi við þá niðurstöðu sem kom fram í skýrslu nefndar um athugun á stjórnsýslu skattamála þar sem kom fram að málsmeðferðartími kærumála hjá yfirséttanefnd sé of langur og nauðsynlegt sé að stytta hann.

Leggur Deloitte til að hámarkstími frá úrskurði fram að gjaldabreytingu sé **ein vika**, þannig að innan viku frá úrskurði eða frá þeim tíma sem viðkomandi stjórnvaldi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar þurfi viðkomandi stjórnvald að framkvæma gjaldabreytingar og tilkynna innheimtumanni um þær, svo ekki myndist óþarfa tafir á þessum gjaldabreytingum.

Leggur því Deloitte til að 8. gr. verði breytt t.a.m. á eftirfarandi hátt (breytingar feitiletraðar):

8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Þegar yfirséttanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda málsaðila, umboðsmanni hans og stjórnvaldi eintak úrskurðar. Stjórnvald skal, **innan sjö daga frá því að stjórnvaldi barst eintak úrskurðar**, framkvæma gjaldabreytingar sem leiða af úrskurði yfirséttanefndar og tilkynna innheimtumanni um þær. Ráðherra er þó heimilt að ákveða með reglugerð að yfirséttanefnd framkvæmi gjaldabreytingar er varða ákveðna skatta og/eða gjöld. Málsaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi, í almennri póstsendingu eða rafrænt.

III. ÍTREKUN Á MIKILVÆGI ÞESS AÐ BIRTA EIGI ALLA ÚRSKURÐI YFIRSKATTANEFNDAR

Í 14. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanevnd, segir að yfirskattanevnd skuli birta á vefsíðu sinni helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Ef skoðuð er heimasíða nefndarinnar sést að á árinu 2011 voru 2 úrskurðir birtir og á árinu 2014 hefur enn enginn verið birtur þegar þetta er skrifað. Einungis má ætla að um 3-5% af úrskurðum nefndarinnar hafi verið birtir frá árinu 2008 (lauslega áætlað).

Í Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra, hafa á undanförunum árum verið birtar reifanir á sumum úrskurðum nefndarinnar sem hafa margir hverjir verið fordæmisgefandi. Einnig á það stundum við að ríkisskattstjóri vísar til óbirtra úrskurða í málatilbúnaði sínum. Þannig er ljóst að yfirskattanevnd birtir ekki helstu úrskurði sína í dag, þrátt fyrir að lögin leggi þá skyldu á herðar nefndarinnar að birta helstu úrskurði sína sem og fordæmisgefandi úrskurði. Þessi meðferð verður að teljast óviðunandi. Ótækt er að hallað sé með þessum hætti á skattaðila og er jafnræði milli málsaðila augljóst.

Deloitte harmar því að ekki sé tekið á því að birta eigi alla úrskurði yfirskattanevndar og ítrekar mikilvægi þess að birta eigi alla úrskurði yfirskattanevndar. Í því ljósi leggur Deloitte til að 14. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanevnd, verði breytt á þann veg að allir úrskurðir yfirskattanevndar skuli vera birtir.


Leggur því Deloitte til að 14. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanevnd, verði breytt t.a.m. á eftirfarandi hátt:

14. gr. Yfirskattanevnd skal birta á vefsíðu sinni **nafnhreinsaða úrskurði nefndarinnar árlega eða jafn óðum og þeir eru kveðnir upp**. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja þer að úrskurðir, sem fordæmisgildi hafa, birtist þar **óstyttir**.

Deloitte er boðið og búið að skýra nánar framangreindar ábendingar á fundi með efnahags- og viðskiptanevnd Alþingis. Ef frekari upplýsinga er óskað er velkomið að hafa samband við undirritaðan með tölvupósti; jakob@deloitte.is, eða í síma 580-3005.

Virðingarfyllst,

f.h. Deloitte ehf.



Jakob Björgvin Jakobsson
Lögfræðingur



Vala Valtýsdóttir
Lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um yfirskattanevnd o.fl., 363. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á femum lögum. Efnislega fela tillögurnar í sér að að ríkistollanevnd verði lögð niður og verkefni hennar færð til yfirskattanevndar auk þess sem úrskurðarvald yfirskattanevndar verði endurskilgreint með almennari hætti en nú er gert og að framkvæmd gjaldbreytinga verði flutt frá yfirskattanevnd til viðeigandi stjórnvalda. Þá er lagt til að fellt verði á brott skilyrði um tæmingu kæruleiða í lögum um virðisaukaskatt. Að lokum er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um það í lögum að bera megi ákvarðanir um alla þætti skattamála undir dómstóla án tillits til eðlis ágreinings eða hvort um sé að ræða ákvarðanir lægra eða æðra setts stjórnvalds. Frumvarpið byggir á drögum sem unnin voru af starfshóp um yfirskattanevnd og ríkistollanevnd sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra til að vinna úr tilteknum tillögum nefndar sem fjallaði um stjórnsýslu skattamála en skýrsla með niðurstöðum nefndarinnar voru birtar á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 4. febrúar 2014.

SA telja tillagðar breytingar jákvæðar og hvetja samtökin til að leitast verði leiða til að tryggja samlegðaráhrif af sameiningu nefndanna. Samtökin lýsa hins vegar yfir vonbrigðum með að ekki hafi verið brugðist við öðrum ábendingum sem snúa að yfirskattanevnd og hefði vel mátt fjalla um í fyrirliggjandi frumvarpi. Grípa þarf strax til ráðstafana til að tryggja viðunandi málshraða hjá yfirskattanevnd en málsmeðferðatími er sem stendur mun lengri en ásættanlegt getur talist. Þá er nauðsynlegt að tryggja birtingu á öllum úrskurðum yfirskattanevndar en samkvæmt 14. gr. núgildandi laga um yfirskattanevnd segir að yfirskattanevnd skuli birta á vefsíðu sinni helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Hefur hlutfall birtra úrskurða á undanföllum árum verði mjög lágt en á árinu 2012 fór það niður í 6%. Getur slík takmörkuð birting á úrskurðum ædsta úrskurðarvalds skattamála á stjórnsýslustigi ekki talist viðunandi enda er birting úrskurða til þess fallin að stuðla að bættri beitingu og túlkun skattalaga sem og auknu réttaröryggi.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Berglora Halldórsdóttir



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2014

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um yfirskattanefnd o.fl. lögum (363. mál)

Viðskiptaráð þakkar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að yfirskattanefnd taki við verkefnum ríkistollanefndar og ríkistollanefnd verði lögð niður. Þá kveður frumvarpið á um að felld verði brott skilyrði í lögum um virðisaukaskatt um að ágreining um skattskyldu og skattfjárhæð virðisaukaskatts megi einungis bera undir dómstóla ef yfirskattanefnd hefur áður úrskurðað um ágreininginn. Einnig er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögum að bera megi ákvarðanir um alla þætti skattamála undir dómstóla.

Viðskiptaráð styður frumvarpið og telur breytingar þær sem það kveður á um vera til bóta. Þó telur ráðið að ganga megi lengra í umbótum á regluverki yfirskattanefndar. Málsmeðferðartími hjá nefndinni, sem er æðsti úrskurðaraðili á stjórnáslustigi í skattamálum, er langur. Til marks um þetta var hann að meðaltali 270 dagar árið 2012 en 28 mál voru afgreidd eftir að yfir 480 dagar höfðu liðið frá móttöku þeirra.¹ Í skýrslu nefndar um athugun á stjórnáslu skattamála kom fram að nauðsynlegt væri að stytta málsmeðferðartíma hjá yfirskattanefnd.

Í b-lið 4. gr. frumvarpsins er lagt til að stjórnvaldi verði ekki skylt að veita umsögn um kæru til yfirskattanefndar en það hafi 45 daga frest til þess, telji það tilefni til. Ákvæðið er í samræmi við tillögur nefndar um athugun á stjórnáslu skattamála sem taldi slíka breytingu vera til þess fallna að stytta málsmeðferðartíma hjá yfirskattanefnd. Þótt framangreind breyting væri vissulega til bóta tekur Viðskiptaráð undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Deloitte um þessa grein frumvarpsins. Að mati ráðsins ætti að stytta þann frest sem stjórnvald hefur til að skila umsögn í 30 daga. Enn fremur ætti að skylda stjórnvald til að tilkynna það til yfirskattanefndar svo fljótt sem auðið er ef það hyggst ekki veita umsögn um mál. Slíkar breytingar væru til þess fallnar að stytta málsmeðferðartíma fyrir nefndinni.

¹ Skýrsla nefndar um athugun á stjórnáslu skattamála. Slóð:
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Stjornsysla-skattamala.pdf> (bls. 26)

Til viðbótar við langan afgreiðslutíma ríkir ógagnsæi um úrskurði yfirskattanefndar. Samkvæmt 14. gr. laga um yfirskattanefnd ber henni að birta helstu úrskurði sína, í það minnsta þá sem hafa fordæmisgildi. Undanfarin ár hefur yfirskattanefnd þó birt fáa úrskurði. Til að mynda birti nefndin tæplega 3% úrskurða sinna árið 2012. Skattrannsóknarstjóri ríkisins birtir einnig þá úrskurði nefndarinnar í sektarmálum sem hann á aðild að og það hækkar hlutfall birtra úrskurða í 6% fyrir árið 2012. Nefnd um athugun á stjórnsýslu skattamála gerði í skýrslu sinni athugasemd við þetta lága hlutfall og taldi það óásættanlegt.² Var það mat nefndarinnar að væru fleiri úrskurðir yfirskattanefndar birtir mætti ætla að málum hjá henni myndi fækka þegar skattaðilum yrði ljóst hvernig lögum hefði verið beitt í sambærilegum málum hjá nefndinni. Viðskiptaráð tekur undir þessi sjónarmið.

Því ógagnsæi sem ríkt hefur um úrskurði yfirskattanefndar fylgir ekki einungis óvissa um framkvæmd skattalaga heldur hallar á skattaðila í samskiptum við stjórnvöld af þessum sökum. Viðskiptaráð hefur fengið ábendingu um að í einhverjum tilvikum hafi stjórnvöld grundvallað niðurstöður sína í deilumálum við borgara á úrskurði yfirskattanefndar sem ekki var birtur almenningi. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri vísað til óbirtra úrskurða í málatilbúnaði sínum. Núverandi fyrirkomulag veldur því aðstöðumun á kostnað almennra borgara og eykur auk þess hættu á misjafni meðferð sambærilegra mála.

Viðskiptaráð tekur undir markmið lagafrumvarps þessa og telur breytingarnar sem það kveður á um vera til bóta. Ráðið telur þó rétt að efnahags- og viðskiptanefnd beiti sér fyrir því að lögum um yfirskattanefnd verði breytt þannig að unnt verði að stytta málsmeðferðartíma og að yfirskattanefnd verði skylt að birta alla úrskurði sína.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

² Skýrsla nefndar um athugun á stjórnsýslu skattamála. Slóð:
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Stjornsysla-skattamala.pdf> (bls. 41)